



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Leiðbeinandi tilmæli

nr. 2/2015

um bestu framkvæmd við gerð og form álagsprófa fjármálafyrirtækja

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

4. júní 2015

Inngangur

Fjármálaeftirlitið gefur út leiðbeinandi tilmæli um bestu framkvæmd við gerð og form álagsprófa fjármálafyrirtækja. Markmiðið með tilmælunum er að fjármálafyrirtæki hér á landi starfi eftir samræmdum viðmiðum um vinnubrögð við mat á áhættu. Einnig að áhættuvilji (e. risk appetite) og áhættustjórnun taki mið af niðurstöðum álagsprófa. Tilmælin taka til fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og gilda eftir því sem við á bæði um móðurfélög og samstæður þeirra.

Fjármálafyrirtæki skal, samkvæmt 17. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Á grundvelli 2. mgr. 17. gr. laganna ber fjármálafyrirtækjum að framkvæma regluleg álagspróf og skjalfesta forsendur og niðurstöður þeirra. Niðurstöður álagsprófa skulu vera á dagskrá næsta stjórnarfundar eftir að niðurstaða þeirra liggur fyrir.

Tilmæli þessi eru gefin út með hliðsjón af 17. gr. laga nr. 161/2002, sem fjallar um eftirlitskerfi með áhættum, og byggja á viðmiðunarreglum frá CEBS (nú EBA¹) frá 26. ágúst 2010, *CEBS Guidelines on Stress Testing (GL32)*², sem eru hluti af tilmælunum. Eftirlitsskyldir aðilar þurfa því að kynna sér efni viðmiðunarreglna EBA.

Ítarlega umfjöllun um álagspróf fjármálafyrirtækja er að finna í tilvitnuðum viðmiðunarreglum EBA (GL 32). Þar er fjallað um hvernig haga skuli álagsprófum og hvaða þætti fjármálafyrirtæki eiga að skoða sérstaklega. Einnig kemur fram að þátttaka stjórnenda í gerð álagsprófa eigi að tryggja að álagspróf séu notuð markvisst í áhættustýringu fjármálafyrirtækis. Einn mikilvægasti þátturinn hvað varðar hlutverk álagsprófa í áhættustýringu er notkun stjórnenda á álagsprófum við ákvarðanatöku og til að auka áhættuvitund fjármálafyrirtækis á öllum starfssviðum þess. Þátttaka starfsmanna og stjórnenda við undirbúning álagsprófa, þ.m.t. gerð sviðsmynda, er mikilvæg, sem og mat þeirra á áhrifum sviðsmynda á fjármálafyrirtækið.

Í fyrirnefndum viðmiðunarreglum EBA (GL32) er getið um **17** meginreglur sem beint er til fjármálafyrirtækja að taka tillit til við gerð, framkvæmd og túlkun álagsprófa. Hverri meginreglu fylgja leiðbeiningar sem taka á tillit til og í framhaldi af þeim eru frekari skýringar. Tilmæli þessi eru byggð þannig upp að getið er um hverja og eina af þessum **17** meginreglum en til nánari útskýringar á hverri meginreglu er vísað í viðmiðunarreglur EBA (GL 32). Í atriðum 18 til 22 í þessum tilmælum er umfjöllun um hlutverk Fjármálaeftirlitsins við yfirferð álagsprófa fjármálafyrirtækja, með svipuðum hætti og kemur fram í viðmiðunarreglunum. Í lokahluta viðmiðunarreglnanna, þ.e. frá og með bls. 31 til 47, eru ítarlegar leiðbeiningar um einstaka áhættuþætti sem ekki eru tekin sérstaklega upp í þessum

¹ European Banking Authority.

² Committee of European Banking Supervision, CEBS Guidelines on Stress Testing (GL32), 26. August 2010. https://www.eba.europa.eu/documents/10180/16094/ST_Guidelines.pdf

tilmælum. Þar sem viðmiðunarreglurnar eru hluti af þessum tilmælum þurfa fjármálafyrirtæki að kynna sér leiðbeiningar um einstaka áhættuþætti og taka tillit til þeirra í samræmi við starfsheimildir sínar.

Fjármálaeftirlitið bendir jafnframt á að Basel nefndin um bankaeftirlit³, hefur gefið út viðmið vegna álagsprófa: *Principles for sound stress testing practices and supervision*. Í þeim koma fram gagnlegar upplýsingar um álagspróf sem fjármálafyrirtæki ættu að taka tillit til, eftir atvikum.

Tilmæli þessi hafa að geyma viðmið til nánari skýringar um þær kröfur sem lög og reglur kveða á um varðandi áhættustýringu og bestu framkvæmd vegna álagsprófa fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftirlitið leggur viðmiðin til grundvallar við mat á því hvort farið sé að lögum og reglum, þ.m.t. heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum. Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða reglum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998, og leggur mat á hvort tilefni sé til að beita öðrum úrræðum til að bregðast við broti.

Tilmælin leysa af hólmi álagsprófshluta í kafla II í leiðbeinandi tilmælum FME nr. 2/2007 um *viðmiðunarreglur vegna álagsprófa, samþjöppunar- og vaxtaáhættu hjá fjármálafyrirtækjum*.

³ Basel Committee on Banking Supervision, Principles for sound stress testing practices and supervision, May 2009. www.bis.org/publ/bcbs155.htm

Leiðbeinandi tilmæli um bestu framkvæmd við gerð og form álagsprófa fjármálafyrirtækja

1. Stjórnarhættir vegna framkvæmdar og notkunar álagsprófa

1. Stjórn fjármálafyrirtækis ber endanlega ábyrgð á umgjörð álagsprófa innan fyrirtækisins. Aðkoma hennar er nauðsynleg fyrir árangursríka framkvæmd álagsprófa. Stjórnarmenn eiga að vera hæfir til að gera sér grein fyrir áhrifum mismunandi álags á áhættusnið (e. risk profile) fyrirtækisins.
2. Umgjörð álagsprófa ætti að vera órjúfanlegur hluti áhættustýringar og styðjast við sterka innviði og virkt innra kerfi.
3. Álagspróf ættu að hafa hagnýtt gildi og niðurstöður þeirra nýttar á öllum viðeigandi stjórnunarsviðum fyrirtækis.
4. Innan fjármálafyrirtækja ætti ábyrgð á framkvæmd álagsprófa að vera skýr og ráðstafa ætti nægu fjármagni, mannskap og tíma til að framkvæma álagspróf. Að auki ætti að vera til staðar skrásett verklag og leiðbeiningar um framkvæmd til að tryggja viðhlítandi fyrirkomulag álagsprófa.
5. Fjármálafyrirtæki ætti reglulega að endurskoða fyrirkomulag álagsprófa og meta virkni þeirra og gagnsemi.

2. Aðferðafræði vegna álagsprófa

2.1. Næmnigreining

6. Fjármálafyrirtæki ætti að framkvæma næmnigreiningu á tilgreind eignasöfn og/eða einstaka áhættuþætti.

2.2. Sviðsmyndagreining

7. Fjármálafyrirtæki ætti að framkvæma sviðsmyndagreiningu sem hluta af álagsprófum sínum og ættu þær að (i) vera kvikar (e. dynamic) og líta til framtíðar og (ii) ná samtímis til allra þátta í starfsemi fjármálafyrirtækisins.
8. Fjármálafyrirtæki ætti að koma sér upp viðeigandi og skilvirkri aðferðafræði til að tryggja að vörpun sviðsmynda endurspeglar í innri áhættuþáttum þannig að heildaráhrif álags á fyrirtækið komist skýrt til skila.
9. Fjármálafyrirtæki ætti að taka tillit til kerfislægra víxlverkana (e. system-wide interactions) og áhrifa vegna endurgjafar (e. feedback effects) við gerð sviðsmynda álagsprófa.

2.3. Alvarleiki sviðsmynda

10. Álagspróf ætti að byggja á óvenjulegum en mögulegum atburðum. Álagspróf ætti að ná yfir ólíkar sviðsmyndir með mismunandi álagi, þ.m.t. yfir verulegan efnahagslegan samdrátt.

2.4. Könnun á viðnámsprótti

11. Fjármálafyrirtæki ætti að þróa aðferðafræði vegna álagsprófa til að kanna viðnámsprótt (e. reverse stress testing). Sú aðferðafræði ætti að vera hluti af áhættustjórnunartækjum fjármálafyrirtækisins.

3. Eignasöfn, einstakir áhættuþættir og álagspróf á samstæðugrunni

12. Fjármálafyrirtæki ætti að framkvæma álagspróf á einstök eignasöfn út frá þeim áhættuþáttum sem hafa áhrif á það. Taka ætti tillit til breytinga í fylgni milli áhættuþátta sem fjármálafyrirtækið tengir við tiltekin eignasöfn.
13. Fjármálafyrirtæki ætti að framkvæma álagspróf sem sýna samsetningu álags á samstæðugrunni og tekur heildrænt tillit til þeirra áhættuþátta sem samstæðan stendur frammi fyrir.

4. Niðurstöður álagsprófa og viðbrögð stjórnenda

14. Fjármálafyrirtæki ætti að meta áhrif álagsprófa á eiginfjárgrunn, aðgengi að fjármögnun sem og áhrif á efnahags- og rekstrarreikning.
15. Fjármálafyrirtæki ætti að tilgreina viðbrögð stjórnar (e. management actions) miðað við niðurstöður álagsprófa, sem eiga að tryggja áframhaldandi gjaldhæfi fjármálafyrirtækis út álagstímamann.

5. Samspil álagsprófa og ICAAP

16. Fjármálafyrirtæki ætti að meta áreiðanleika eiginfjárparfar (e. capital planning) út frá niðurstöðum álagsprófa.
17. Álagspróf sem framkvæmd eru í tengslum við gerð ICAAP ættu að vera í samræmi við áhættuvilja og stefnu fjármálafyrirtækisins og innihalda trúverðuga viðbúnaðaráætlun stjórnenda.

6. Úttekt og mat Fjármálaeftirlitsins

18. Fjármálaeftirlitið mun reglulega taka út fyrirkomulag álagsprófa fjármálafyrirtækja, þar með talið sviðsmyndagreiningu, aðferðafræði, skipulag og notkun álagsprófa. Úttekt og mat Fjármálaeftirlitsins, m.t.t. fylgni við þessi tilmæli, mun taka mið af

hlutfallsreglu, þ.e. stærð og eðli fjármálafyrirtækis og því hversu margþætt starfsemi þess er.

19. Fjármálaeftirlitið mun fara yfir niðurstöður álagsprófa með það að markmiði að meta viðnámsprótt einstakra fyrirtækja við alvarlegum efnahagslegum skilyrðum og hvort þeim tekst að viðhalda nægjanlegu eigin fé og lausu fé. Við það mat skal eftirlitsaðili taka tillit til upplýsinga um breytingar á eigin fé og eiginfjárbörf sem og breytingar á lausu fé og lausafjárbörf við álag.
20. Fjármálaeftirlitið mun meta og, eftir atvikum, rýna umfang og forsendur álagsprófa sem og þær mildandi aðgerðir sem fjármálafyrirtækið hyggst grípa til.
21. Úttekt og mat Fjármálaeftirlitsins mun taka mið af starfsemi fjármálafyrirtækis yfir landamæri og að fyrirtæki geri álagspróf á samstæðugrunni. Fjármálaeftirlitið mun eiga samskipti/upplýsingaskipti við aðra eftirlitsaðila og stjórnvöld, bæði innanlands og erlendis, eftir því sem við á.
22. Fjármálaeftirlitið mun eftir aðstæðum leggja til við fjármálafyrirtæki tilteknar sviðsmyndir við álagspróf. Fjármálaeftirlitið mun einnig framkvæma eigin álagspróf á fjármálafyrirtæki eða leggja sameiginleg álagspróf á hóp fjármálafyrirtækja út frá sviðsmyndagreiningu. Slík álagspróf getur Fjármálaeftirlitið framkvæmt í samstarfi við aðrar eftirlitsstofnanir, t.d. Evrópska bankaeftirlitið eða Seðlabanka Íslands. Með slíkum álagsprófum verður t.d. hægt að meta viðnámsprótt fjármálakerfisins í heild út frá miklu álagi.

Fjármálaeftirlitinu, 4. júní 2015

Unnur Gunnarsdóttir

Lilja Rut Kristófersdóttir